

Fundargerð

Árið 2022, föstudaginn 23. september kl. 12:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníels Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aroni Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Gestir undir 8. lið: Arnar Haraldsson, Haraldur Líndal Haraldsson og Svandís Ingimundardóttir.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 26. ágúst 2022.

Fundargerð frá 26. ágúst var samþykkt án athugasemda.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2022

Lögð voru fram til kynningar drög að uppfærðri greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2022. Áætlunin byggir á forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2022, endanlegum útsvarstofni sveitarfélaga á árinu 2021 og áætluðum útsvarstofni sveitarfélaga árið 2022.

3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2023

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2023. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 998,5 ma.kr., áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2022 verði 2.113,6 ma.kr. og áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2023 verði 2.240,4 ma.kr.

4. Fjármál sveitarfélaga

Staða og horfur

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 23. september 2022, um fjármál sveitarfélaga á árinu 2021.

Heildartekjur sveitarfélaganna hækka um rúm 10% milli ára sem er meira en upphafleg fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Sömu sögu er að segja um útgjöldin sem hækka um 9% milli ára sem er umfram það sem var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Framlegðin batnar um rúma 4 ma.kr. og er um 3,7% af tekjum. Hlutfallið er lágt í sögulegu samhengi og miðað við nettó skuldahlutfall ætti framlegðarhlutfall að vera nær 9% að lágmarki. Rekstrarniðurstaða er nánast á pari við árið 2020 sem skýrist af hærri fjármagnskostnaði.

Veltufé frá rekstri segir til um hvað er til ráðstöfunar fyrir afborgun lána og fjárfestingar. Veltuféð lækkaði frá árinu 2020 og var rúmum 15,5 ma.kr sem er um 3,8%. Hlutfallið er undir lágmarksviðmiðinu sem er um 5%. Þetta leiðir til þess að fjárfestingar þarf að fjármagna með auknum lántökum.

Heildarfjárfestingar námu 46 ma.kr. sem er 11% aukning frá fyrra ári en er samt sem áður minna en fjárhagsáætlanir sýndu sem var um 60 ma.kr. Heildarskuldir hækkuðu um 43 ma.kr. enda stendur veltufé frá rekstri ekki undir afborgunum og fjárfestingum. Vegna þess að tekjur eru líka að hækka eykst skuldahlutfallið um einungis 1% og skuldaviðmiðið fer upp í 71%.

Verðbólgan veldur því að rekstrarhalli verður að öllum líkindum meiri á árinu 2022 en árinu 2021.

5. Landshlutasamtök sveitarfélaga

Sóknaráætlanir – greinargerðir

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. september 2022, um sóknaráætlun landshluta 2022. Jafnframt voru lagðar fram greinargerðir frá öllum landshlutasamtökunum um framkvæmd þeirra verkefna sem unnið er með á árinu 2022 ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun.

Samþykkt var á fundi ráðgjafarnefndar þann 28. janúar sl. framlag til landshlutasamtaka að fjárhæð 43,8 m.kr. til að koma til móts við kostnað landshlutasamtakanna vegna samstarfsverkefna sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um og varða hagsmuni allra sveitarfélaga á starfssvæði þeirra. Í framhaldi var óskað eftir greinargerð fyrir árið 2022 og kostnaðaráætlun.

6. Útgjaldajöfnunarframlög

Áætlun framlaga 2023

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2023, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, samtals að fjárhæð 13.000 m.kr. Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði 12.200 m.kr. samkvæmt A-hluta. Jafnframt er áætlað að úthlutun B-hluta framlaganna, skólaakstur úr dreifbýli, nemi 750 m.kr. á árinu 2023 og 50 m.kr. vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna vegna A-hluta eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2022.
- Áætlun um fjölda barna með erlent ríkisfang eða annað foreldri með erlent ríkisfang í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2022.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2022.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. jan. 2020, 1. jan. 2021, 1. jan. 2022 og 1. júlí 2022 vegna íbúafækkunar- og fjölgunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur frá því í september 2022 við útreikning áætlaðra tekjujöfnunarframlaga árið 2022 vegna tekjuskerðingar.
- Flokkun sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra er talin vera sem hér segir:
 - Sveitarfélög með fleiri en 70.000 íbúa
 - Sveitarfélög með 12.000 - 69.999 íbúa
 - Sveitarfélög með 300 - 11.999 íbúa
 - Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Forsenda við áætlaða úthlutun framlaga vegna B-hluta er eftirfarandi:

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og akstursvegalengdir í september 2022.

Nefndin samþykkti að leggja til við ráðherra áætlun útgjalda jöfnunarframlög fyrir árið 2023 að fjárhæð 13.000 m.kr.

7. Möguleg aðkoma Jöfnunarsjóðs v. flóttabarna

Staða mála

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. september 2022, um mögulega aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að framlögum vegna aukins kostnaðar vegna flóttabarna frá Úkraínu. Starfsmönnum Jöfnunarsjóðs hefur verið falið að fylgjast með þróun mála hvað fjárframlög til sveitarfélaganna varðar frá ríki og mögulega aðkomu Jöfnunarsjóðs.

Samkvæmt nýjum upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur verið ákveðið að mennta- og barnamálaráðuneytið verji rúmlega 300 m.kr. til sveitarfélaga vegna aukins kostnaðar sveitarfélaganna vegna flóttabarna. Jafnframt er stefnt að því að hluti fjármagnsins fari í miðlæg verkefni til að styðja við bakið á sveitarfélögunum. Áætlanir gera ráð fyrir því að fjöldi þessara flóttabarna getið verið allt að 1.600.

Í samtali við starfsmenn sambandsins komu fram þær vangaveltur að sjóðurinn gæti komið að stuðningi við börn sem þurfi sérstakan stuðning t.d. vegna fötlunar. Best væri að það mál yrði skoðað í samráði við starfsmenn mennta- og barnamálaráðuneytisins.

8. Úttekt á þróun grunnskóla

Umræða – gestir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Ráðgjafarnefndin fékk til sín gesti frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, til kynningar á verkefninu

Úttekt á grunnskólalagði og skólaþjónustu við börn frá yfirfærslu grunnskólans árið 1996 til 2021.

Tilgangur verkefnisins er að afla upplýsinga, gagna og rannsóknaniðurstaðna um þróun tiltekinna þátta við grunnskólalagði frá yfirfærslunni 1996 í því skyni að geta hagnýtt þær við innleiðingu nýrrar menntastefnu til 2030, nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og aðgerða í byggðaaáætlun um skólaþjónustu, starfsþróun og þverfagleg landshlutateymi. Markmið verkefnisins er að hagnýting umræddra gagna verði til þess að styðja við árangursríka innleiðingu ofangreindra stefnuskjala stjórnvalda og sýni fram á hvað auðveldar framgang slíkra stefnumótandi kerfisbreytinga stjórnvalda og hvað mögulega hindrar.

9. Greiðslu- og rekstraráætlun yfirfærslu grunnskóla 2023

Lögð voru fram til kynningar uppfærð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2023 vegna yfirfærslu grunnskólans.

Nefndin nefnir að færa þurfi rök fyrir því hvers vegna skólabúðirnar að Reykjum hljóti framlög en ekki skólabúðirnar að Laugum.

10. Almenn grunnskólaframlög

Áætlun framlaga 2023

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2023, skv. 3. gr. reglugerðar 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema 12.600 m.kr. á árinu 2023. Við bætast áætlaðar leiðréttingar að upphæð 60 m.kr. vegna ársins 2021. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 12.660 m.kr. á árinu 2023.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna vegna ársins 2023:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2022.
- Upplýsingar um skólagerð.

- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2022.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um áætlaðan útsvarstofn sveitarfélaga vegna tekna 2021 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2022.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2023, samtals að fjárhæð 12.660 m.kr.

11. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna

Áætlun framlaga 2023

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda árið 2023. Áætlaðar heildargreiðslur vegna sérþarfa fatlaðra nemenda nema um 3.038 m.kr.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna á árinu 2023, samtals að fjárhæð 3.038 m.kr.

12. Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál

Áætlun framlaga 2023

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál 2023. Alls hafa verið sendar inn umsóknir frá sveitarfélögum vegna 3.484 nemenda. Búast má við einhverjum fjölda síðbúinna umsókna og því gæti þessi fjöldi breyst. Lagt er til að einingaverð verði hækkað úr 160.000 kr. í 170.000 kr. og að heildarfjárhæð framlagsins nemi 646 m.kr.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um hækkun einingaverðs í 170.000 kr. og áætlaða úthlutun framlaga vegna íslensku sem annað tungumál á árinu 2023, að fjárhæð 646 m.kr.

13. Málshöfðun á hendur íslenska ríkinu

Staða málsins

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 23. september 2022, um málshöfðun Reykjavíkurborgar á hendur íslenska ríkinu.

Reykjavíkurborg hefur krafist íslenska ríkið um greiðslu framlaga vegna vangreiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árunum 2015-2019. Byggir krafa Reykjavíkurborgar á að reglur sjóðsins, sem kveða á

um að framlög sjóðsins til Reykjavíkurborgar falli niður eða lækki, skorti lagastoð og séu þ.a.l. í andstöðu við 2. mgr. 78. gr. stjórnarskránnna, sem segir að tekjustofnar sveitarfélaga skuli ákveðnir með lögum. Vísar Reykjavíkurborg til Hæstaréttardóms frá 14. maí 2019 í máli nr. 34/2018 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ákvæði í reglugerð sem sagði að tiltekin framlög úr jöfnunarsjóði myndu falla niður ef sveitarfélög væru með 50% hærri tekjur á hvern íbúa en sambærileg sveitarfélög, væri ekki í samræmi við ofangreint stjórnarskrárákvæði.

Næsta fyrirtaka í málinu er 17. október en ekki hefur enn verið ákveðið hvenær aðalmeðferð málsins verður.

Reglugerðarákvæði um að Reykjavíkurborg fái ekki framlög úr sjóðnum var sett beint inn í lög um tekjustofna sveitarfélaga árið 2020 og þar af leiðandi snýr málshöfðunin að árunum 2015-2019. Stefnt er að frekari samtali við Reykjavíkurborg vegna ÍSAT framlaga.

14. Greiðslu- og rekstraráætlun málefni fatlaðs fólks 2023

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2023 vegna yfirfærslu málefna fatlaðs fólks.

Lagt var til að stöðva greiðslur í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þar sem færri umsóknir hafa borist Fasteignasjóði frá sveitarfélögunum en áætlað var.

Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina og frestar ákvörðun um stöðvun framlaga í Fasteignasjóð árin 2022 og 2023.

15. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Umsókn frá Akraneskaupstað vegna kaupa á leiktækjum

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Akraneskaupstaðar, dags. 23. ágúst 2022, um framlag vegna kaupa á útileiktækjum fyrir fötluð börn til notkunar á leikskólalóð Akrasels sem stendur við Ketilsflöt 2 á Akranesi. Kostnaður vegna verksins er 6.049.598 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 3.024.799 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 3.024.799 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Umsókn frá Akraneskaupstað vegna starfsmannaáðstöðu

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Akraneskaupstaðar, dags. 24. júní 2022, um framlag vegna kaupa á starfsmannaíbúð í búsetuþjónustu í fjölbýli fyrir fatlað fólk.

Sótt er um styrkinn á grundvelli a. liðar 2. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í þeim lið segir meðal annars:

Sveitarfélag getur sótt um styrk úr Fasteignasjóði til fjármögnunar á jafngildi stofnframlags, án hlutdeildar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, ef um er að ræða starfsmannaáðstöðu sem útbúin er í fjölbýlishúsi með þeim fjölda íbúða fyrir fatlað fólk sem miðað er við í reglugerð nr. 370/2016 um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk.

Kaupverð starfsmannaíbúðarinnar er 41.500.000 kr. Sé miðað við 22% kostnaðarþáttöku, að fyrirmynd stofnframlaga Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, myndi framlag Fasteignasjóðs nema 9.130.000 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 9.130.000 kr. vegna framkvæmdarinnar.

16. Viðbótarframlög ársins 2022

Aðferðarfræði

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram tillögu við úthlutun viðbótarframlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2022. Tillagan hljóðar svo að viðbótarframlög séu veitt á grundvelli hlutfallslegrar rekstrarniðurstöðu þjónustusvæðanna.

Þá ræddi nefndin þann möguleika að hækka viðbótarframlög, en þau standa í 400 m.kr í dag.

Nefndin tók ekki ákvörðun um viðbótarframlög vegna ársins 2022.

17. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Áætlun framlaga 2023

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að fyrstu áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2023, ásamt þar að lútandi minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. september 2022.

Áætlað framlag vegna málefna fatlaðs fólks á árinu 2023 er 22.400 m.kr., sem er hækkun um 3.200 m.kr. frá fyrra ári. Við það bætast 70 m.kr. vegna leiðréttingar á framlögum ársins 2021.

Framlögin reiknast eftir sem áður í hlutfalli við þrjár stoðir:

- Jöfnun á grunni stuðningsþarfar (88%)

- Vægi útsvars (10,75%)
- Innviðir (1,25%)

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna fatlaðs fólks á árinu 2023, að fjárhæð 22.400 m.kr.

18. Ársreikningur Jöfnunarsjóðs 2021

Lögð voru fram til kynningar drög að ársreikningi Jöfnunarsjóðs 2021.

19. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Fjallað var um ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem verður haldinn þann 12. október nk. kl. 16 á Hilton Reykjavík Nordica.

20. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar verði 12. október nk. kl. 10:00.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:40

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Karen E. Halldórsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Margrét Þórarinsdóttir

Daníel Jakobsson

Stefán Vagn Stefánsson